

Nd.

577. Frumvarp til laga

[195. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka á móti og ráðstafa framlögum samkvæmt áætlun um fjárhagslega viðreisn Evrópu.

(Lagt fyrir Alþingi á 68. löggjafarþingi, 1949.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka á móti framlögum án endurgjalds samkvæmt samningi frá 3. júlí 1948 milli Íslands og Bandaríkja Ameríku um efnahagssamvinnu.

2. gr.

Að svo miklu leyti sem framlög þessi eru ekki notuð til kaupa á efnavörum, vélum og tækjum til framkvæmda, sem taldar eru í áætlun þeirri til langs tíma, sem lögð hefur verið til grundvallar efnahagssamvinnunni af Íslands hálfu, skal leggja til hliðar jafnvirði þeirra í erlendum gjaldeyri til kaupa á þessum vörum.

3. gr.

Jafnvirði framlags án endurgjalds í íslenskum gjaldeyri, að frádrögnum 5%, má ekki ráðstafa nema með samþykki Alþingis.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samvinna sú um efnahagslega viðreisn Evrópu, sem Vestur-Evrópuríkin hafa hafizt handa um með aðstoð Bandaríkja Ameríku, í samræmi við lög Bandaríkjaþings 3. apríl 1948, er grundvölluð annars vegar á samningi milli Evrópuríkjanna, sem þátt taka í samvinnunni, og hins vegar á samningi hvers þeirra um sig við Bandaríkin. Samningur Evrópuríkjanna var undirritaður fyrir Íslands hönd í París hinn 16. apríl 1948 og fullgiltur af forseta Íslands 3. júlí s. á. Með samningi þessum var komið á fót efnahagssamvinnustofnun Evrópu (OEEC). Samningur Íslands við Bandaríkin var undirritaður af utanríkisráðherra í umboði forseta 3. júlí 1948. Samningar þessir eru birtir í Stjórnartíðindum, nr. 61 og 62/1948. Gerði utanríkisráðherra grein fyrir þessum samningum á Alþingi í okt. s. l.

Sú aðstoð, sem Bandaríkin hafa látið þáttökuríkjunum í té, er aðallega með þrens konar hætti:

1. Framlag án endurgjalds.
2. Lán.
3. Skilyrðisbundið framlag.

Auk þess hafa Bandaríkin látið þáttökuríkjunum ýmsa aðra aðstoð í té, t. d. hefur Ísland notað aðstoðar þeirra við vöruútvegum og afurðasölu.

Frá því að efnahagssamvinnan hófst, hefur Ísland tekið á móti samtals 7.5 millj. dollara aðstoð, sem skiptist þannig:

1. Lán tekið 22/7 1948	2.3 millj. dollara
2. Andvirði seldra vara — skilyrðisbundið framlag	5.2 — —

Alls 7.5 millj. dollara

Ísland á nú til viðbótar kost á 2.5 millj. dollara framlagi án endurgjalds. Er frv. þetta fram borið til að afla heimildar til að taka á móti framlagi þessu og öðrum slíkum, er síðar kunna að fást, og ráðstafa þeim.